

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 527, 30. desember 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1987.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. ágúst 1987:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 18, 16. janúar 1987 með síðari breytingum:

Allir liðir heildsölugjaldskrár hækki um .....	9,5%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækki um .....	9,5%
nema hitataxtar (C/D) sem hækki um .....	11,4%
og orkugjald marktaxta (A5) sem hækki um .....	10,8%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 103, 2. mars 1987 og fyrir hitaveitu, nr. 100, 2. mars 1987:

Raforka til hitunar hækki um .....	11,4%
Gjaldsskrá fyrir hitaveitu hækki um .....	11,4%
Marktaxti hækki um .....	10,8%
Aðrir gjaldskrárliðir hækki um .....	9,5%

*Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1987.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*